

NORÐFIRÐINGUR

1. tölublað 1999

24. árgangur

SÓLARKAFFI OG AÐALFUNDUR

Norðfirðingafélagsins verður haldið í Safnaðarheimili Bústaðakirkju, sunnudaginn 31. janúar n.k. kl. 15.30, stundvíslega.

Dagskrá

- ☛ Kaffi með heimabökuðum sólarpönnukökum
- ☛ Aðalfundarstörf
- ☛ Annáll nýliðins árs að heiman
- ☛ Tónlistaratriði

Mætum öll í sólskinsskapi!

Viðtakandi:

Ágætu félagar!

Norðfirðingar hittust síðast á bráðfjörugu og stórskemmtilegu síldarballi sem haldið var þann 31. október síðast liðinn á veitingastaðnum Catalinu í Kópavogi. Þar mættu á 2. hundrað manns. Við reyndum þetta fyrst haustið 1996 og sú tilraun tókst svo vel að ákveðið var að gera þetta að árlegum viðburði. Þetta var 3. síldarballið og tókst vel. Fólk gæddi sér á síld og rúgbrauði að heiman og rifjaði upp síldarstemninguna frá því fyrr á árum. Það var mikið dansað, sungið og talað. Nokkur þröng var á þingi - salurinn var í það minnsta - en hverjum leiðist að nudda sér ofurlítið utan í annan Norðfirðing? Við erum alltaf að sjá ný og ný andlit á síldarböllum og höldum þeim örugglega áfram - hvar það verður veit nú enginn ennþá.

Aðalfundur og sólarkaffi

Við fögnum hækandi sól, að norðfirskum sið, og sólarkaffið verður að venju í safnaðarheimili Bústaðarkirkju, **sunnudaginn 31. janúar.** Að loknum stuttum aðalfundarstörfum, en félagsmenn hafa sjaldnast verið með miklar málalengingar, munum við gæða okkur á sólarpönnukökum og fleira góðgæti. Lesinn verður annáll að heiman af helstu atburðum

nýliðins árs. Boðið verður upp á tónlistaratriði, ekki er vitað nákvæmlega hvað þegar þetta er skrifað, en Norðfirðingur mun örugglega koma við sögu Vonandi mætum við öll vel, eins og venjulega. Séra Pálmi Matthíasson, sóknarprestur, hefur óskað sérstaklega eftir því að Norðfirðingar mæti í messu fyrir aðalfundinn.

Austfirsk sveifla!

Við eigum þess kost að hittast fyrir sólarkaffið, gætum jafnvel kallað það eins konar árshátíð, nefnilega á Rokk- og sálarveislu norðfirska tónlistarmanna sem haldin verður á Broadway, Hótel Íslandi, **laugardaginn 16. janúar**. Þetta verður mikil tónlistarveisla þar sem fram koma 9 manna hljómsveit, 15 söngvarar og 5 dansarar, allt Norðfirðingar. Ágúst Ármann Þorláksson á Skorrastað stjórnar hljómsveit og meðal söngvara má nefna Kára Hilmars, Guðmund Sólheim, Smára Geirs, forseta, og Helgu Steinsson, skólameistara. Kynnir verður Jón Björn Hákonarson í Miðbæ og Guðmundur Bjarnason, bæjarstjóri Fjarðabyggðar ávarpar samkomuna. Veislumáltíð, tónleikar og ball kostar 4.700 kr., en ef aðeins er farið á sýninguna kostar það 1.800 kr. Þá þarf að mæta klukkan 21. Hljómsveit frá Norðfirði,

undir stjórn Agga, leikur fyrir dansi til klukkan 03.

Við ætlum að efna til kráarkvölds, eins og við gerðum í fyrra, laugardaginn **20. mars**. Þá er ætlunin að hittast á **Kringlukránni** og eiga saman kvöldstund. Við fáum lokaðan sal frá kl. 9 - 12, ef við viljum. Merkið þetta á dagatalið, ásamt sólarkaffi og tónlistarveislu.

Austfirðingafélagið á Suðurnesjum hefur beðið okkur um að minna á þorrablót 30. janúar. Bobba og Siggi veita upplýsingar í síma 421-2385.

Gíróseðlar fóru fyrir misgáning til eldri borgara og er beðist velvirðingar á því. Sjálfboðaliði mun brátt færa félagaskrána eftir kennitölu og þá ætti þetta að komast í lag.

GÓÐA SKEMMTUN !

Stjórnin.

Útgefandi: Norðfirðingafélagið
Kjarrhólma 20
200 Kópavogi

Ritstjóri: Hermann Sveinbjörnsson (565 7588)
Ábyrgðarmaður: Lára Jóna Þorsteinsdóttir (564-3622)